



Íþróttamál á Akureyri

Stefna Akureyrarbæjar og
ÍBA í Íþróttamálum
til ársins 2022

Desember 2017





Myndir í skjali: Auðunn Níelsson og Þórir Tryggvason

Fyrirvari

Samantekt þessi inniheldur niðurstöður stefnumótunar í íþróttamálum Akureyrar. Vinnan var m.a. byggð á upplýsingum frá fulltrúum íþróttafélaga, starfsmönnum Akureyrarbæjar ásamt niðurstöðum funda með íbúum bæjarins. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum þeirra aðila er að málinu kunna að koma.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Um stefnumótunarferlið	2
Framtíðarsýn íþróttamála árið 2022	3
Samantekt	4
Stöðugreining árið 2017	5
Aldursdreifing yngri iökenda hjá aðildarfélögum ÍBA árið 2016	6
Uppbygging íþróttamannvirkja árin 2000 – 2016	7
Árangursmælingar	8
Stefna, markmið og aðgerðir til árangurs	9
Almenningsíþróttir og lýðheilsumál	9
Samvinna íþróttafélaga	11
Íþróttaaðstaða og mannvirki	13
Afreksstarf	15
Samspil íþrótta og skóla	16
Íþróttatengd ferðabjónusta	17
Endurskoðun stefnunnar	18
VIÐAUKI	19
SVÓT greining	19
Styrkur 19	
Veikleikar	19
Ógnanir	19
Tækifæri	20
Niðurstöður skoðunarkönnunar	21
Lýðheilsa	21
Skólamál	21
Íþróttafélög	22
Aðrir þættir	22
Fjöldi gesta í íþróttamannvirkjum	23
Iökendafjöldi aðildarfélaga ÍBA árið 2016	23
Iökendafjöldi aðildarfélaga ÍBA 2016 eftir skráningum sérsambanda ÍSÍ	24
Fjöldi íþróttagreina hjá aðildarfélögum ÍBA	25

Inngangur

Íþróttir og hreyfing er veigamikill þáttur í lífi sérhvers einstaklings. Íþróttastarf fléttast inn í menningu, menntun og afþreyingu. Það er atvinnuskapandi og tengist náið hagsæld og félagslegum auði byggðarlaga. Regluleg hreyfing lækkar kostnað við heilbrigðispjónustu, eykur framleiðni, styrkir skólastarf, dregur úr fjarveru frá starfi, hvetur til samvinnu og samstöðu. Sem forvörn getur hún verið ein hagkvæmasta og áhrifaríkasta leiðin að bættri lýðheilsu.¹

Rannsóknir, sem hafa verið gerðar hér á landi, sýna að þau börn og ungmenni sem stunda íþróttir eiga meiri möguleika á að njóta þess sem lífið hefur að bjóða, og þau leiðast síður út í neyslu hvers konar ávana- eða vímuefna. Afrek íþróttamanna okkar hafa jákvæð áhrif á samfélagsvitund og afreksmenn eru góðar fyrirmyn dir fyrir þá sem yngri eru og hvetja þá til dáða.²

Á Akureyri er fjölbreytt íþróttastarf. Starfið er borið uppi af frjálsum félagasamtökum sem sýnt hafa í verki að þeim er treystandi til að halda uppi öflugu íþróttastarfi. Auk þess er Akureyrarbær þáttakandi í verkefni Landlæknisembættisins um Heilsueflandi samfélag. Hlutverk íþróttastefnu Akureyrarbæjar og ÍBA er að styðja við og efla þetta góða starf í bæjarféluginu, jafnt almenningsíþróttir sem og keppnis- og afreksíþróttir. Tilgangurinn er að fylgja tækifærum íbúa og gesta til reglulegrar hreyfingar sem mikilvægrar forvarnar og vinna þar með að auknu heilbrigði í samfélaginu og efla félagsauð þess. Með íþróttastefnu sinni vill Akureyrarbær og ÍBA styrkja og þroa aðstöðu til íþróttaiðkunar, heilsueflingar og stuðla að aukinni fjölbreytni og gæðum.

Stefnan leggur línur um samstarf bæjarfélagsins og íþróttafélaganna í sveitarféluginu. Hún tekur til hinna fjölmörgu mismunandi hópa sem stunda íþróttir. Hún á að höfða jafnt til allra íbúa óháð aldri, stétt eða stöðu, uppruna, kyni og fötlun.

Íþróttastefnan á að vera leiðarljós og aflvaki fyrir bæjaryfirvöld, forystumenn íþróttahreyfingarinnar og aðra íbúa til framfara og góðra verka á sviði íþróttamála og lýðheilsu. Á grundvelli hennar mun frístundaráð og stjórn ÍBA byggja aðgerðaráætlunar sínar til lengri og skemmri tíma.

Með íþróttastefnu sinni freista bæjaryfirvöld og ÍBA til þess að samstilla hin breiða og fjölbreytta hóp sem hafa áhrif á aðstöðu og hvatningu til íþróttaiðkunar.

1 Menntamálaráðuneytið. (2006). Íþróttavæðum Ísland. Aukin þáttaka – Breyttur lífsstíll. Skýrsla starfshóps um mótu n íþróttastefnu - tillaga að íþróttastefnu Íslands. Sótt 12. október 2009 af <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/ithrottavaeding.pdf>. World Health Organization (2003). Health and development through physical activity and sport. Sótt 12. október 2009 af http://whqlibdoc.who.int/hq/2003/WHO_NMH_NPH_PAH_03.2.pdf.

2 Sama heimild

Um stefnumótunarferlið

Sú stefna sem fylgt hefur verið í íþróttamálum er síðan 2010. Margt hefur breyst síðan þá og því var talið nauðsynlegt að móta nýja stefnu með aðkomu allra helstu hagaðila s.s. aðildarfélaga ÍBA, embættismanna bæjarins og kjörinna fulltrúa.

Stefnumótunarvinnan fór fram í apríl til júní 2017. Stefnumótunarvinnan skiptist í eftirtalda lykilþætti.

- Viðtol sem tekin voru við lykilaðila í íþróttastarfi á Akureyri.
- Viðhorfskönnun meðal íþróttafélaga svæðisins og hagaðila um mikilvægustu viðfangsefni íþróttamála í bænum.
- Stefnumótunarfund með forsvarsmönnum íþróttamála á svæðinu sem haldinn var þann 10. maí 2017 í golfskálanum Jaðri með þátttöku um 60 manns.
- Opinn íbúafundur sem haldinn var í Hofi þann 6. júní þar sem um 50 manns tóku þátt.
- Greiningarvinna og úrvinnsla með aðkomu formanns ÍBA og deildarstjóra íþróttadeildar Akureyrarbæjar ásamt Kára Steini Karlssyni og Sævari Kristinssyni frá KPMG sem sáu um faglega verkefnistjórn.
- Stefnumótunin var sett í umsagnarferli hagaðila auk nefnda og ráða bæjarins á tímabilinu september til nóvember 2017.



Framtíðarsýn íþróttamála árið 2022

Íþróttastefna Akureyrar byggir á eftirfarandi framtíðarsýn til ársins 2022.

- Íþróttabærinn Akureyri er heilsueflandi samfélag og fyrirmynnd í lýðheilsumálum. Á það jafnt við með þáttöku almennings í íþróttum sem og vitundarvakningu í heilbrigðismálum, studda af faglegum rannsóknunum.
- Á Akureyri er aðstaða til íþróttaiðkunar í takt við það besta sem þekkist hérlandis. Uppbygging mannvirkja er unnin eftir skilgreindri og forgangsraðaðri stefnu í takt við óskir aðildarfélaga ÍBA.
- Almenn aukning er í iðkendafjölda í íþróttum og dregið hefur úr brottfalli yngri kynslóðarinnar úr íþróttum.
- Á Akureyri er virkt samstarf milli íþrótta og skóla á öllum skólastigum.
- Til að gera íþróttafélögum betur kleift að standast faglegar og rekstrarlegar kröfur er leitast við að hafa félög færri en jafnframt stærri og öflugri, iðkendum til hagsbóta. Rekstur íþróttafélaga er sem mest sjálfbær.
- Stutt verði við afreksfólk með markvissum hætti.
- Íþróttabærinn Akureyri er þekktur fyrir samstarf íþróttahreyfingarinnar, Akureyrarbæjar og ferðaþjónustuaðila fyrir framúrskarandi umgjörð í kringum öflugt mótauhald í bænum.



Samantekt

Akureyri er bærinn þar sem fólk vill búa, vinna og heimsækja. Bæði íbúar og gestir hafa næga möguleika til að stunda íþróttir og útvist, bæði skipulagðar og eins til að ástunda á eigin forsendum.

Á næstu árum munu áherslur verða settar á aukið samstarf bæði milli íþróttafélaga og eins við Akureyrarbæ.

Til að ná þeiri sýn munu áherslur til ársins 2022 snúast um:

Almenningsíþróttir og lýðheilsumál

Akureyrarbær í samstarfi við íþróttafélögin og aðra hagsmunaaðila vinni að því að gera iðkun íþróttar að sjálfsögðum lífsstíl bæjarbúa og stuðli þannig að bættum lífsgæðum þeirra.

Samvinnu íþróttafélaga

Á Akureyri verði starfrækt færri, stærri og faglegri fjölgreinafélög í framtíðinni.

Íþróttaaðstaða og mannvirki

Uppbygging mannvirkja verði unnin samkvæmt langtíma þarfagreiningu félaga og skóla sem verði forgangraðað í samvinnu ÍBA og Akureyrarbæjar.

Afreksstarf

Tryggja þarf afreksíþróttafólk svigrúm og umgjörð til að ná eins langt í sinni íþrótt eins og kostur er.

Samspil íþróttar og skóla

Vægi íþróttar innan skólakerfisins verði stóreflit á öllum stigum með samstarfi og samþættingu skóla og íþróttar.

Íþróttir og ferðapjónusta

ÍBA og aðildarfélög þess vinni með ferðapjónustufyrirtækjum og Akureyrarbæ að markaðssetningu bæjarins á sviði heilsu- og íþróttamála.

Stöðugreining árið 2017

Á Akureyri geta íbúar stundað fjölbreytt úrval íþróttagreina sem í boðið er upp á af mörgum íþróttafélögum, bæði stórum sem smærri. Þessi félög eru flest hluti af íþróttabandalagi Akureyrar, ÍBA. Hefur Akureyrarbær stutt við íþróttaiðkun í bæjarféluginu með beinum og óbeinum hætti, einkum með því að leggja félögunum til aðstöðu og fjárhagslega styrki.

Einn helsti þátturinn sem kom fram í greiningarvinnunni var að til staðar þyrti að vera skýrari stefna Akureyrarbæjar og ÍBA um ráðstöfun þeirra fjármuna sem til íþróttamála er varið. Annar veigamikill þáttur er að skerpa þyrti á skilyrðum við stofnunar nýrra félaga og eins hvernig mælistiku þyrti að hafa á árangur félaga.


Mannvirki til íþróttaiðkunar eru að mörgu leyti mjög góð. Mikið hefur verið lagt í byggingu mannvirkja á undarförnum árum og hefur aðstaða batnað umtalsvert þótt enn séu deildir / félög sem hafa þörf fyrir bætta aðstöðu.

Kom fram í vinnunni að einna helst skorti langtímahugsun við uppbyggingu íþróttamannvirkja bæjarins, einkum til að þau uppfylli skilyrði fyrir mótaðald og séu hagnýt gagnvart fjölbreyttri nýtingu og staðsetningu gagnvart íbúum. Var í því sambandi nefnt t.d. uppbygging smærri íþróttahúsa við skólastofnanir.


Árið 2017 var fjöldi íþróttafélaga í bænum alls 23 en það sem hefur háð mörgum þeirra er smæð þeirra. Vaxandi kröfur eru um fagmennsku á öllum sviðum, bæði rekstrar sem og íþróttaiðkunar. Hefur rekstur og umsýsla sumra íþróttafélaga á svæðinu verið erfið einkum vegna smæðar, enda er ábyrgð og umsjón starfsins oft á höndum fárra aðila sem eiga í fullu fangi með að sinna grunnkröfum við rekstur félaganna. Þannig eru dæmi um það að félög eða deildir hafa lagst af þegar forsvarsmaður þeirra hefur hætt vegna álags eða annarra þátta. Kom ítrekað fram við stöðugreininguna að margir töldu þörf á auknu samstarfi og samvinnu milli íþróttagreina og félaganna.

Á Akureyri er til staðar góð aðstaða til að iðka íþróttir og sinna hreyfingu og heileflandi lífstíl. Þar eru sömuleiðis möguleikar til að bjóða iökendum uppá fjölbreytta íþróttapjálfun þvert á íþróttagreinar og félög. Ekki hvað síst felast umtalsverð tækifæri í samspli íþróttu og skóla með auknu samstarfi við skóla á öllum skólastigum. Íþróttir eru samkvæmt öllum rannsóknum ein besta forvörnin og því er nauðsynlegt að tryggja þessi tengsl.

Aldursdreifing yngri iökenda hjá aðildarfélögum ÍBA árið 2016




Kynja- og aldurshlutföll iökenda aðildarfélaga ÍBA árið 2016



Samtals fjöldi iökenda 17 ára og yngri innan végbanda ÍBA var 4.215 árið 2016 og fjöldi iökenda 18 ára og eldri var samtals 3.284 á sama ári (sjá nánar í viðauka) auk þess eru fjölmargir iökendur í líkamsræktarstöðvum en sá fjöldi er ekki inn í framangreindum tölu.

Uppbygging íþróttamannvirkja árin 2000 – 2016

Veruleg uppbygging íþróttamannvirkja hefur verið á Akureyri á síðustu árum og á eftirfarandi tímaás eru tilteknir helstu þættir þeirra.



Árlegir íþróttatengdir viðburðir á Akureyri vekja athygli

Á hverju ári eru haldnir reglulegir íþróttaviðburðir sem sem sumir eru einkum fyrir heimamenn en aðrir laða að fjölmarga íþróttamenn og tengda aðila (börn og forráðamenn) til bæjarins. Ekki hefur verið gerð greining á hagrænum áhrifum íþróttaviðburða bæjarins en ljóst má vera að þeir styrkja verulega við ferðaþjónustu í bænum.

Dæmi um reglulega íþróttatengda viðburði á Akureyri sem vekja athygli á landsvísu:

- AK Extreme vetrarleikar
- Akureyrarhlápið
- Akureyri á iði
- Andrés Andar skíðaleikar
- Artic Open golfmót
- Bíladagar
- Blakmót fyrir börn og öldunga
- Goðamót Þórs í knattspyrnu
- Handboltamót Þórs og KA fyrir 6.flokk
- Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum.
- Hjólreiðahelgi - 4ra gangna mótið
- Hængsmótið í boccia
- Íslandsmótið í motorcross og enduroakstri
- Knattspyrnumót fjármálfyrirtækja
- Knattspyrnuskólar Þórs og KA
- N1 knattspyrnumót
- Pollamót Þór í knattspyrnu
- Stefnumót KA í knattspyrnu
- Sprengimót Óðins í sundi
- Súlur Vertical – fjallahlaup

Árangursmælingar

Við mat á íþróttastefnu Akureyrarbæjar verður aldrei hægt að notast við einn einhlítan mælikvarða heldur þarf að taka mið af þeim þáttum sem eiga við að hverju sinni. Í vinnuferlinu var velt upp ýmsum möguleikum þeirra sem sjá má hér að neðan.

Iökendafjöldi í íþróttastarfi

- Aldurssamsetning iöknda
- Kynjahlutfall iöknda
- Minnkun brottafalls úr íþróttum
- Fjöldi sjálfboðaliða sem kemur að íþróttastarfi

Framboð þjónustu

- Fjöldi íþróttagreina
- Fjöldi deilda innan aðildarfélaga ÍBA

Fagmennska

- Fjöldi fagmenntaðra þjálfara
- Fjöldi námskeiða /námskeiðsstunda
- Fjöldi félaga/deilda sem uppfylla skilyrði sem Fyrirmyn darfélag ÍSÍ

Aðstaða / mannvirki

- Fjölbreytni og gæði aðstöðu íþróttamannvirkja
- Nýting mannvirkja / aðstöðu
- Fjöldi íþróttamóta í bænum
- Fjöldi iöknda í mannvirkjum
- Lengd skilgreindra göngu- og hjólastíga

Afreksstarf

- Titlar sbr. Íslandsmeistaratitlar
- Fjöldi Akureyringa í landsliðum

Lýðheilsurannsóknir

- Hreyfimínútur
- Heilsusamlegt mataræði
- Regluleg lýðheilsukönnun á Akureyringum (s.s. almennt heilbrigði, geðheilsu ofþyngd, veikindadaga, o.fl. á svæðinu í samanburði við landsvísu)

Rekstur

- Fjármagn til íþróttastarfs og íþróttatengdra þátta
- Rekstur og fjárhagur íþróttafélaga

Íþrótta- og heilsutengd ímynd Akureyrarbæjar

- Álit bæjarbúa á bænum sínum í tengslum við íþróttir
- Akureyri sem heilsueflandi samfélag
- Ímynd landsmanna og gesta Akureyrar

Stefna, markmið og aðgerðir til árangurs

Almenningsíþróttir og lýðheilsumál

Inngangur

Með bættu göngustígakerfi á Akureyri og annari aðstöðu til heilsueflingar má segja að hafi orðið sprenging í iðkendafjölda almenningsíþróttu á svæðinu. Sveitarfélagið er í hópi Heilsueflandi samfélaga og farið hefur verið út í ýmis heilsutengd átaksverkefni s.s. Akureyri á iði og samgönguvika.

Samkvæmt lýðheilsuvísum embættis landslæknis fyrir Akureyri eru hlutfallslega fleiri fullorðnir sem meta líkamlega heilsu sína slæma. Einnig er lægra hlutfall barna í 8.-10. bekk með hæstu gildi á vellíðanarkvarða og hlutfallslega fleiri fullorðnir eru með hæstu gildi á streitukvarða.

Stefna

Akureyrarbær í samstarfi við íþróttafélögini og aðra hagsmunaaðila vinni að því að gera iðkun íþróttu að sjálfsögðum lífsstíl bæjarbúa og stuðli þannig að bættum lífsgæðum þeirra.

Aðgerðir

- Akureyrarbær sem heilsueflandi samfélag verði vettvangur fræðslu og hvatningar í tengslum við almenningsíþróttir og lýðheilsu. Stöðugt verði unnið að aukinni meðvitund um lýðheilsu í bænum.
- Fylgt verði mótaðri stefnu um uppbyggingu hjólreiðastíga (skv. aðalskipulagi til 2030).
- Íbúar verði hvattir til að nýta sér göngu- og hjólreiðastíga í stað vélknúinna ökutækja.
- Akureyrarbær veiti líkamsræktar- og samgöngustyrki til starfsmanna og hvetji önnur fyrirtæki til að fylgja sínu fordæmi.
- Fjölgað verði valkostum utandyra til íþróttaiðkunar fyrir almenning, s.s. með körfuboltavöllum við skóla, strandblaksvelli, hreyfigarða o.fl.
- Hvatt verið til að teknir verði upp samræmdar heilsufarsmælingar á vinnustöðum á Akureyri.
- Heilsufæði verði í vaxandi mæli í veitingasölu íþróttamannvirkja og íþróttaviðburða á Akureyri og stöðugt unnið að því að draga úr neyslu sykurs.
- Stofnanir bæjarins, fyrirtæki og íbúar verði hvött til þátttöku í markaðssetningu Akureyrar sem íþróttabæjar í Heilsueflandi samfélagi með fjölbreytt framboð viðburða, íþróttamóta og valkosta til almenningsíþróttaiðkunar.

- Eldri borgarar á Akureyri verði virkir þáttakendur í íþróttastarfi félaga innan ÍBA bæði sem iökendur og þáttakendur í sjálfboðaliðastarfi.
- Aðgengi almennings til íþróttamannvirkja bæjarins verði tryggt eins og hægt er og opnunartími sundlauga og Hlíðarfjalls verði í takt við þarfir og möguleika hverju sinni.
- Íþróttafélögin verði hvött til að skapa vettvang fyrir iökendur sem ekki hafa hug á keppnisþáttöku. Að iökendur geti tekið þátt á eigin forsendum og stundað íþróttagrein án krafna um þáttöku í keppnum.
- Möguleikar til íþróttaiökunar þurfa að vera tryggðir fyrir allra aldurs- og þjóðfélagshópa óháð stétt eða stöðu, uppruna, kyni og fötlun.



Samvinna íþróttafélaga

Inngangur


Á Akureyri árið 2017 voru aðildarfélög ÍBA samtals 23 sem buðu upp á 49 íþróttagreinar. Þetta þýðir að mörg félög eru með litla umgjörð, oft tiltölulega fáir iökendur og skortur á stöðugleika í stjórnunarskipulagi. Starfsfólk með sérþekkingu á rekstri er til staðar á skrifstofum stærri félaga á meðan verið er að nýta sjálfboðaliðavinnu í minni félögum til að sinna slíkum verkefnum.

Stefna

Á Akureyri verði starfrækt færri, stærri og faglegri fjölgreinafélög í framtíðinni.

Aðgerðir

- Félög sem starfa með börn og unglings sameini krafta sína til að tryggja stöðugt og faglegt starf, s.s. gegnsætt bókhald og rekstrarumhverfi, menntun þjálfara, skilvirkari rekstrareiningar, öflugra bakland sjálfboðaliða o.fl.
- Hver íþrótt sé aðeins æfð í einu félagi fyrir utan handknattleik og knattspyrnu.
- Leitast verði við að rekstur íþróttafélaga verði sem mest sjálfbær. Hluti af styrkjakerfi bæjarins verði háð því að félög ástundi ábyrgan rekstur og gegnsæi í öllu bókhaldi og skipulagi. Gerðar verði kröfur til félaganna um að starfa í anda fyrirmyn darfélaga ÍSÍ o.fl.
- Sett verða skilyrði fyrir tímaúthlutanir í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar / styrkveitingu frá Akureyrarbæ sem miðast við lágmarksfjölda iðkenda og þannig hvatt til eflingar fjölgreinafélaga samhliða uppfyllingu skilyrða ÍBA.
- ÍBA verði Fyrirmyn darférhérað ÍSÍ.
- ÍBA aðstoði félög við að móta samstarfsvettvang sem taki meðal annars á móta haldi, tekjuöflun, ferðakostnaði o.fl.
- Aðildarfélögum ÍBA verður ekki fjölgæð á komandi árum og nýjum félögum um íþróttastarfsemi verði beint inn í önnur aðildarfélög sem deildir. Þannig náist samnýting stjórnunar og aðstöðu á milli deilda og félaga.
- Þarfir barna og unglings séu ætíð í fyrirrúmi við skipulag og uppbyggingu íþróttastarfs.



Íþróttaaðstaða og mannvirki

Inngangur

Á Akureyri eru fjölbreytt íþróttamannvirkja og í könnunum á meðal íbúa hefur komið fram veruleg ánægja með þá aðstöðu sem til staðar er. Skort hefur hins vegar á langtímastefnumótun í uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Stefna

Uppbygging mannvirkja verði unnin samkvæmt langtíma þarfagreiningu félaga og skóla sem verði forgangsraðað í samvinnu ÍBA og Akureyrarbæjar.

Aðgerðir

- Mótuð verði mannvirkjastefna ÍBA sem taki mið af framtíðarþörfum Akureyrar og íþróttafélaga bæjarins. Aðildarfélög ÍBA setji saman sína framtíðarsýn/stefnu í aðstöðu og uppbyggingu félagsins.
- Skipulagsmál taki mið af 3-4 sterkum íþróttakjörnum bæjarins og uppbyggingu mannvirkja í tengslum við þá.
- Gert verði ráð fyrir í skipulagi að unnið verði að uppbyggingu fjölgreina íþróttamiðstöðva bæði í nýjum hverfum jafnt sem eldri.
- Við uppbyggingu mannvirkja fyrir skólaíþróttir verði tekið mið af fjölbreyttari möguleikum til samnýtingar með íþróttahreyfingunni.
- Unnið verði með skólakerfinu og ÍBA að bættri nýtingu íþróttamannvirkja.
- Almenningssamgöngur verði stórefldar með fjölgun strætisvagna og iðkendum þannig gert auðveldara að fara milli íþróttamannvirkja.
- Að staðaldri verði stöðugt í gangi endurnýjun / uppbygging á íþróttamannvirkjum í takt við forgangsröðun ÍBA. Meðal þeirra mannvirkja sem fyrir liggar að þurfi að skoða er uppbygging:
 - Fjölnota íþróttahúss (fjölíþróttamiðstöð / fjölgreinahúss)
 - 50m sundlaug
 - Skilgreindra hjóla- og göngustígar í takt við stefnu í skipulagsmálum
 - Margvíslegrar útiaðstöðu



Afreksstarf

Inngangur

Akureyri hefur í gegnum tíðina alið upp fjölmarga afreksmenn í íþróttum. Mikilvægi afreksstarfs er ekki síst fólgioð í þeim fyrirmundum sem laða börn að íþróttum.

Stefna

Að skapa afreksíþróttafólki í bænum svigrúm og umgjörð til að ná eins langt í sinni íþrótt eins og kostur er.

Aðgerðir

- ÍBA skilgreini árlega afrekshóp Akureyrar.
- að afreksíþróttamenn í framhaldsskóla eigi möguleika á sumarvinnu hjá Akureyrarkaupstað sem gerir þeim kleift að æfa íþrótt sína í samræmi við æfingaáætlunar. Það sama gildir í undantekningartilvikum fyrir afreksmenn í grunnskólum.
- Aukið verði fjárframlag bæjarins til afreksíþrótta annars vegar til að bæta umgjörð og aðbúnað til iðkunnar afreksíþrótta og hins vegar til Afrekssjóðs Akureyrar.
- Við skipulag og uppbyggingu mannvirkja verði tekið tillit til krafna um keppnisaðstöðu.
- Stofnanir bæjarins, skólar og fyrirtæki á Akureyri, séu hvött til að veita afreksíþróttafólk það svigrúm sem þarf til að stunda afreksþjálfun og keppni.
- Íþróttafélög innan ÍBA vinni saman að eflingu afreksíþrótta á Akureyri.
- Bætt verði aðgengi afreksíþróttafólks að sérfræðiaðstoð á sviði sjúkrabjálfunar, næringarfræði, sálfræði o.fl.
- Landsliðsfólk frá Akureyri njóti ferðastyrkja frá Afrekssjóði Akureyrarbæjar.

Samspil íþrótt og skóla

Inngangur

Lítið formlegt samstarf hefur verið á milli íþróttafélaga á Akureyri og skólasamfélagsins um sampættingu íþrótt og skóla. Íþróttabraut er starfrækt við VMA og jákvæð teikn eru á lofti vegna íþróttavals sem er hafið við kennarabraut Háskólans á Akureyri.

Stefna

Vægi íþrótt innan skólakerfisins verði stóreflt á öllum stigum með samstarfi og sampættingu íþrótt og skóla.

Aðgerðir

- Auka samstarf við fræðslusvið með það að leiðarljósi að efla og auka áskoranir í íþróttakennslu og leikfimi í skólum.
- Kynningar á starfsemi frá aöldarfélögum ÍBA í grunnskóla og elstu deildum leikskóla.
- Hrint verði í framkvæmd áformum um íþróttaskóla barna þannig að börn í yngri aldurshópum geti kynnst fjölbreyttum tegundum íþróttar í framhaldi af og í tengslum við skólatíma.
- Allir skólar á Akureyri starfi undir merkjum Heilsueflandi skólastarfs.
- Byggðar verði hreystibrautir við alla grunnskóla á Akureyri.
- Sett verði á laggirnar tilraunaverkefni um íþróttagrunnskóla þar sem sérstök áhersla er lögð á íþróttir og heilsu.
- Efti verði samstarf skóla og íþróttafélaga á Akureyri og þannig stuðlað að auknum skilningi skólayfirvalda til íþróttaiökunar utan skólaveggja.
- Komið verði á árlegum samráðsvettvangi milli íþróttafélaga og skóla á öllum stigum.
- Fyrirmund og fræðsla um heilbrigðan lífsstíl verði eflid sem hluti af skólastarfinu. Þar verði farið yfir þætti eins og mataræði, hreyfingu, líkamsvirðingu og geðheilbrigði.
- Aukin tíðni almenningssamganga tryggi gott aðgengi barna jafnt sem fullorðinna að öllum íþróttamannvirkjum.
- Stöðug rannsóknarverkefni sem tengjast íþróttastarfi verði í gangi við Háskólann á Akureyri, s.s. rannsóknir á brottfalli og aðgerðir gegn því.
- Allir grunnskólanemendur fái a.m.k. eina klst. á dag í íþróttum, hreyfingu eða annarri heilsueflingu á skólatíma.

Íþróttatengd ferðapjónusta

Inngangur

Íþróttabærinn Akureyri verði þekktur fyrir samstarf íþróttahreyfingarinnar, Akureyrarbæjar og ferðapjónustuaðila fyrir framúrskarandi umgjörð í kringum öflugt mótaðald í bænum.

Stefna

Fjölbreyttir íþróttaviðburðir á Akureyri laði að bæði innlenda og erlenda gesti allt árið.

Aðgerðir

Íþróttafélögin í bænum, ÍBA og Akureyrarbær taki höndum saman um markaðssetningu Akureyrar í tengslum við íþróttir.

- Íþróttaviðburðir verði sóttir og haldnir í reglulega bænum sbr. landsleiki yngri landsliða
- Akureyrarbær styðji við mótaðald með faglegu baklandi stofnana bæjarins
- Félög og einstaklingar verði hvött til mótaðalds sem laði að bæði innlenda og erlenda þátttakendur
- Kynnt verði til sögunnar slagorðið „Íþróttabærinn Akureyri“ sem búi að ímynd heilsusamlegs bæjarfélags.

Endurskoðun stefnunnar

Starfsumhverfi okkar tekur stöðugum breytingum og á komandi árum mun nást árangur í eftirfylgni þeirra markmiða sem sett eru í stefnunni.

Því er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að stefna sem þessi er “lifandi skjal” sem þarf að endurnýja reglulega með tilliti til þeirra þáttta sem búið er að ná árangri í og eins vegna breytinga í starfsumhverfinu.

Stefnan gildir til ársins 2022 en fram að þeim tíma verði hún endurskoðuð reglulega, a.m.k. annað hvert ár. Heildarendurskoðun stefnunnar verði eigi síðar en árið 2021.



VIÐAUKI

SVÓT greining

Í vinnuferlinu var gerð greining á þeim innri og ytri þáttum sem taldir eru skipta mestu máli í tengslum við íþróttir á Akureyri og eru helstu niðurstöður hennar eftifarandi.

Styrkur

- Fjölbreytt framboð og aðstaða
- Fagleg þjálfun / þekking
- Sjálfboðavinna
- Stuttar vegalengdir / nálægð við íþróttasvæði
- Samvinna / samvinnutækifæri
- Ástríða fyrir sínu liði
- Íþróttanám á öllum skólastigum
- Íþróttahefð / íþróttabær
- Íþróttamannvirki / góð aðstaða
- Útisvæði / náttúra
- Fjölmennir framhalds- og háskólar
- Lítið samfélag
- Stuðningur sveitarfélagsins

Veikleikar

- Skortur á samvinnu
- Fjölbreytileiki
- Fjöldi íþróttafélaga
- Dreifing íþróttamannvirkja
- Brottfall
- Mismunandi aðbúnaður félaga
- Afreksfólki ekki nægjanlega vel sinnt
- Ástríða fyrir sínu liði / tilfinningar / rígr
- Óvissa / skortur á stefnu
- Vöntun á fræðslu fyrir hreyfingu
- Mikil samkeppni um fólk og fjármagn

Ógnanir

- Fjarlægðir / ferðakostnaður
- Skortur á samræmingu við hönnun mannvirkja
- Veðurfar
- Styttung framhaldsskóla
- Misgóðar pólitískar ákvarðanir

- Fjárhagur sveitarfélagsins
- Aðstöðuleysi
- Tímaskortur
- Samkeppni
- Þjálfaraskortur
- Þéttung byggðar
- Tölvumenning
- Eignarhald og útibúavæðing fyrirtækja

Tækifæri

- Náttúrulegar aðstæður
- Íþróttatengd ferðaþjónusta
- Íþróttabrautir skóla
- Stuttar vegalengdir
- Vetraríþróttir
- Stærð samfélags




Niðurstöður skoðunarkönnunar


Í tengslum við verkefnið var send út rafræn skoðanakönnun á hagaðila. Eftirfarandi eru helstu niðurstöður hennar.

Spurt var um helstu áhrifabættir íþróttastarfs á Akureyri í framtíðinni?


Lýðheilsa




Skólamál



Íþróttafélög



Aðrir þættir



Fjöldi gesta í íþróttamannvirkjum

Fjöldi gesta í íþróttamannvirkjum á Akureyri						
Mannvirki	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Hlíðarfjall	64.457	60.435	75.714	65.034	48.524	65.333
Íþróttamiðstöðin í Hrísey	12.500	10.500	13.198	12.423	9.865	10.328
Sundlaug Akureyrar	330.000	323.292	352.401	362.536	349.614	365.364
Sundlaug Glerárskóla	58.000	58.000	60.000	62.000	74.000	82.000
Sundlaugin í Grímsey	2.000	2.200	1.466	1.960	1.231	1.408

Heimild: Akureyrarbær

Iðkendafjöldi aðildarfélaga ÍBA árið 2016

Félag	17 ára og yngri			18 ára og eldri			Samtals
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	
Bílaklúbbur Akureyrar	0	0	0	88	4	92	92
Fimleikafélag Akureyrar	325	574	899	9	4	13	912
Golfklúbbur Akureyrar	68	30	98	506	169	675	773
Hestamannafélagið Léttir	54	76	130	187	127	314	444
Hjólreiðafélag Akureyrar	16	10	26	125	64	189	215
Íþróttafélagið Akur	69	26	95	36	11	47	142
Íþróttafélagið Draupnir	139	39	178	29	10	39	217
Íþróttafélagið Eik	0	0	0	29	26	55	55
Íþróttafélagið Hamramir	0	12	12	68	40	108	120
Íþróttafélagið Pór	588	256	844	77	48	125	969
Karatefélag Akureyrar	29	16	45	12	9	21	66
KKA Akstursíþróttafélag	21	4	25	97	2	99	124
Knattspyrnufélag Akureyrar	684	407	1.091	157	190	347	1.438
Kraftlyftingafélag Akureyrar	10	10	20	192	69	261	281
Nökkvi félag siglingarmanna*					0	0	0
Skautafélag Akureyrar	90	132	222	63	51	114	336
Skiðafélag Akureyrar	75	62	137	4	3	7	144
Skotfélag Akureyrar	1	0	1	511	38	549	550
Sundfélagið Óðinn	109	122	231	12	21	33	264
Svifflugfélag Akureyrar	0	0	0	28	0	28	28
Umf. Akureyrar	71	76	147	81	87	168	315
Umf. Narfi	9	5	14	0	0	0	14
Samtals	2.358	1.857	4.215	2311	973	3.284	7.499

*Skilaði ekki inn starfsskýrslu

Heimild: ÍBA /ÍSÍ

Iðkendafjöldi aðildarfélaga ÍBA 2016 eftir sérsamböndum ÍSÍ

Sérsamband	17 ára og yngri			18 ára og eldri			Samtals
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	
Aksturssamband Íslands	0	0	0	64	2	66	66
Blaksamband Íslands	9	25	34	59	159	218	252
Bogfiminefnd ÍSÍ	20	12	32	5	2	7	39
Badmintonssamband Íslands	10	7	17	4	3	7	24
Borðtennissamband Íslands	15	1	16	10	2	12	28
Fimleikasamband Íslands	325	574	899	9	4	13	912
Frjálsíþróttasamband Íslands	71	76	147	22	36	58	205
Glímusamband Íslands	0	0	0	5	0	5	5
Golfsamband Íslands	68	30	98	506	169	675	773
Handknattleikssamband Íslands	267	86	353	122	19	141	494
Hjólreiðasamband Íslands	16	10	26	125	64	189	215
Íshokkísamband Íslands	86	46	132	18	25	43	175
Skautasamband Íslands	4	86	90	0	18	18	108
Íþróttasamband fatlaðar	45	18	63	53	28	81	144
Almenningsíþróttir	5	5	10	54	51	105	115
Júdósamband Íslands	139	39	178	29	10	39	217
Karatesamband Íslands	29	16	45	12	9	21	66
Keilusamband Íslands	6	4	10	23	4	27	37
Knattspymusamband Íslands	911	534	1.445	59	78	137	1.582
Kraftlyftingasamband Íslands	7	6	13	164	58	222	235
Krullunefnd ÍSÍ	0	0	0	45	8	53	53
Körfukanttleikssamband Íslands	68	18	86	18	21	39	125
Landsamband Hestamanna	54	76	130	187	127	314	444
Lyftingasamband Íslands	3	4	7	28	11	39	46
Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttasambar	21	4	25	121	4	125	150
Siglingarsamband Íslands*							
Skíðasamband Íslands	75	62	137	4	3	7	144
Skotsamband Íslands	1	0	1	511	38	549	550
Sundsamband Íslands	98	117	215	9	17	26	241
Svifflug	0	0	0	28	0	28	28
Taekwondosamband Íslands	5	1	6	8	2	10	16
Tennissamband Íslands	0	0	0	9	1	10	10
Samtals	2.358	1.857	4.215	2311	973	3.284	7.499

*Nókkvi skilaði ekki inn starfsskýrslu

Heimild:Felix/ÍSÍ

Fjöldi íþróttagreina hjá aðildarfélögum ÍBA

Aðildarfélög ÍBA í mars 2017

- 23 félög
- 49 íþróttagreinar

Íþróttafélög á Akureyri		
Íþróttafélag	Stofnár	Fj. greina
Íþróttafélagið Þór	1915	6
Hestamannafélagið Léttir	1928	1
Knattspyrnufélag Akureyrar	1928	5
Golfklúbbur Akureyrar	1935	1
Skautafélag Akureyrar	1937	3
Svifflugfélag Akureyrar	1937	1
Skíðafélag Akureyrar	1938	3
Sundfélagið Óðinn	1962	1
Nökkvi félag siglingamanna	1963	2
Ungmennafélagið Narfi	1964	4
Skotfélag Akureyrar	1967	1
Bílaklúbbur Akureyrar	1974	3
Íþróttafélagið Akur	1974	4
Fimleikafélag Akureyrar	1976	4
Íþróttafélagið Eik	1978	4
Ungmennafélag Akureyrar	1988	2
KKA akstursíþróttafélag	1996	5
Hamrarnir	2005	2
Akureyri Handboltafélag	2006	1
Íþróttafélagið Draupnir	2008	1
Karatefélág Akureyrar	2008	1
Kraflyftingafélag Akureyrar	2010	5
Hjólreiðafélag Akureyrar	2012	4
Hnefaleikafélag Akureyrar	2015	1

Heimild: ÍBA



